

1108. stjórnarfundur VR**Haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2014 í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá fóru fundarmenn til hópmyndatöku á 2. hæð hússins.

1. Fundargerð 1107. fundar lögð fram til samþykktar.

Samþykkt og undirrituð.

2. Kjaraviðræður staðan

Ólafía Björk reifaði stöðuna í kjaraviðræðum. Stjórnarfundur var í Lív í hádeginu og kom fram að Guðbrandur var á fundi hjá sáttasemjara. Verið að ræða möguleika þess að setja rauð strik í september, lengja samningstímabil og þá komi einhverjar viðbótarhækkningar inná það tímabil. Hvað okkur varðar er allt klárt okkar megin en óskað var eftir fresti til mánaðarmóta með viðræður. Á fundi í ASÍ í dag var rætt um verðbólguáhrif. Hugsanlega fari verðbólga yfir 3% á fyrsta ársfjórðungi 2015. Frumvarp ríkisstjórnar um gjaldskrárhækkningar hefur ekki enn komist á dagskrá Alþingis.

3. Nýir trúnaðarmenn

Eftirfarandi listi borinn upp og samþykktur:

Nafn	Fyrirtæki	Nýr/endurkjörinn
Benóný Valur Jakobsson	Sjóklæðagerðin hf	Endurkjörinn
Andrea Rúna Þorlákssdóttir	Borgun hf	Endurkjörinn
Áshildur Jónsdóttir	Borgun hf	Endurkjörinn
Benedikt Ingvason	Danfoss hf	Endurkjörinn
Sigurður Atli Sigurðsson	Fjarskipti (Vodafone)	Endurkjörinn
Björk Ólafsdóttir	Applicon ehf	Endurkjörinn
Anna Einarsdóttir	Distica hf	Endurkjörinn
Ingunn Kjartansdóttir	Nettó - Egilsstöðum	Endurkjörinn
María Hafsteinsdóttir	Sólhöfn ehf	Endurkjörinn
Ásdís Dögg Ómarsdóttir	Straumhvarf hf.	Nýr
Oddný Arnarsdóttir	Straumhvarf hf.	Nýr
Guðbirna K. Þórðardóttir	Ungmennafélag Íslands	Endurkjörinn

4. Launastefna

Ólafía Björk lagði fram skjalið “*Minnisblað um eigendastefnu vegna launagreiðslna til stjórnenda fyrirtækja sem lífeyrissjóðir fjárfesta í*” dags. 11 febrúar 2014 sem tekið hafði verið saman af GBÓ lögmenn. Er það gert í tilefni þeirra umræðna sem verið hafa í þjóðfélaginu síðastliðna viku. Fór Ólafía Björk lauslega yfir innihaldið en hvatti fundarmenn til að lesa þetta og kynna sér betur. Tillögur um næstu skref eru mjög góðar og þarna eru líka samantektir um hvernig þessu er hagað til í öðrum löndum og má búast við efni um Svíþjóð á morgun. Skoðum svo niðurstöðu skýrslu LAPFF í framhaldinu eða á næsta stjórnarfundum.

Að loknum þessum inngangi var orðið látið ganga hringinn um þetta málefni og tjáðu sig allir fundarmenn um efnið.

5. Starfslýsingar formanns og framkvæmdastjóra

Birgir Már lagði fram skjölin “*Starfslýsing formanns VR*” og “*Starfslýsing framkvæmdastjóra VR*”. Sagði hann að tekið hefði verið tillit til framkominna athugasemda í þessum nýju útgáfum skjalanna.

Eftir stuttar umræður bar Ólafía Björk þessar starfslýsingar upp til samþykktar.

Samþykkt.

6. Húsnæðismál VR

Stefán lagði fram skjalið “*Minnisblað – Fasteignakaup*” dags. 12.02 2014 og fór yfir efni þess. Kom fram að við erum að leigja húsnæðið á 0. hæð og myndi hann vilja fá að skoða með að kaupa það fremur en að leigja þar sem leigan er nokkuð dýr en þó ljóst að félagið þarf á þessu húsnæði að halda fyrir starfsemi sína í dag. Sama er uppi á teningnum með leiguhúsnæði okkar á Hamarshöfða 8 þar er frekar há leiga og væri hentugra að kaupa iðnaðarhúsnæði enda hagstætt verð hægt að fá í dag og það gæti alveg eins verið t.d. í Mosfellsbæ.

Umræður.

Samþykkt var að veita framkvæmdastjóra heimild til að skoða möguleg kaup á þessum nótum.

7. Húsnæðisnefnd

Bjarni Þór lagði fram skjalið “*Tilgangur og markmið Húsnæðisnefndar*” og fór yfir efni þess.

Umræður.

Næst lagði hann fram skjalið “Húsnæðisnefnd VR skýrsla” og fór hann lauslega yfir efni þess. Það er skoðun hans að VR ætti ekki sjálf að byggja húsnæði en ljóst er að mikil vandamál blasa við í húsnæðismálum sérstaklega hjá ungu fólki. Kom fram í máli hans að mikið hafi verið fundað með ýmsum hagsmunaaðilum, t.d. væri stéttarfélagið Efling tilbúið að setja fjármuni í að ráða verkefnisstjóra fyrir verkefnið og að áhugaverðar hugmyndir hafi komið fram á fundi húsnæðisnefndar með Degi B. Eggertssyni formanni borgarráðs.

Umræður.

Bjarni Þór lagði til að húsnæðisnefnd haldi áfram með málið og hitti fólk í öðrum stéttarfélögum vegna þessa. Svo kemur hann með fréttir af gangi mála á næsta stjórnarfund.

8. Laganefnd

Rannveig sagði frá því að mikið hefði verið unnið og fundað í laganefnd að undanfögnu. Lagði hún fram skjalið “Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund VR 2014” dags. febrúar 2014 en þar voru 10 tillögur að lagabreytingum öðrum en þeim sem snúa að sjálfu kosningafyrirkomulaginu en laganefnd mun fara yfir framkomnar tillögur í þeim efnunum á fundi nefndarinnar á morgun og verður svo væntanlega haldinn sérstakur stjórnarfundur til þess að afgreiða þær svo það nái fyrir aðalfund.

Fór Rannveig þá næst yfir hverja breytingartillögu fyrir sig og að lokinni yfirferð og umræðum var hver tillaga jafnóðum borin upp til samþykktar af Ólafíu Björk.

Niðurstaðan er þessi:

- Breytingartillaga nr. 1 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 2 – Samþykkt að því gefnu að bætt verði inn að aftur verði gefin út “erindisbréf” en efnislega er tillagan samþykkt að öðru leiti
- Breytingartillaga nr. 3 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 4 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 5 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 6 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 7 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 8 – Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 9 – Breyting 5. tl. Samþykkt
Breyting 7. tl. Samþykkt með 9 atkvæðum gegn 3
Breyting 9.-10. tl. Samþykkt
- Breytingartillaga nr. 10 – Samþykkt

Fundi slitið kl. 21:45
Árni Leósson, fundarritari